

## TILLAGA

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins

---

### ***Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að Hermundur Sigmundsson og Svava Þórhildur Hjaltalín komi á fund skóla- og frístundaráðs***

Lagt er til að fræðimennirnir Hermundur Sigmundsson og Svava Þórhildur Hjaltalín verði boðuð á fund skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur mánudaginn 26. júní nk. til að fjalla um valkosti við að þróa kennslu í lestri í íslensku í leik- og grunnskólum Reykjavíkur. Komist fræðimennirnir ekki á þann ráðsfund þá er lagt til að þeim verði boðið á einhverjum af fundi ráðsins næstkomandi ágúst eða september. Fullnægjandi er að annar hvor fræðimannanna geti mætt.

#### **Greinargerð:**

Það er fyllsta ástæða fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkur að leggja áherslu á að lestrarhæfni barna í íslensku á grunnskólaaldri í Reykjavík taki framförum. Gagnlegt væri fyrir ráðið að fá fræðimennina Hermund Sigmundsson og Svövu Þórhildi Hjaltalín til að kynna sína sýn á málaflokkinn. Um frekari rökstuðning fyrir tillögunni er vísað til umræðna á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur 6. júní sl. þar sem fjallað var um verkefnið *Kveikjum neistann*, sbr. hjálögð greinargerð sem lögð var fram undir þeim dagskrárlíð.

## **Umræða um verkefnið kveikjum neistann í Reykjavík (að beiðni fulltrúa Flokks fólksins)**

Umræða að beiðni borgarfulltrúa Flokks fólksins að skólayfirvöld í Reykjavík taki upp verkefnið kveikjum neistann sem þróunarverkefni í 1-3 grunnskólum í Reykjavík. Verkefnið kveikjum neistann hefur skilað góðum árangri í Vestmannaeyjum. Hér er um að ræða verkefni sem nýst gæti nemendum í Reykjavík afar vel.

Kveikjum neistann er rannsóknar- og þróunarverkefni sem Grunnskóli Vestmannaeyja tekur þátt í og hefur verið í gangi með nemendum í bráðum tvö ár. Þau Hermundur Sigmundsson prófessor við NTNU og HÍ og Svava Þ. Hjaltalín, sérkennari og læsisfræðingur, eiga veg og vanda af verkefninu sem er í umsjá Rannsóknarseturs um menntun og hugarfarar við HÍ.

Markmið kveikjum neistann er metnaðarfullt. Eitt af þeim er að 80-90% barna teljist læs við lok 2. bekkjar og er árangur mældur út frá einföldu stöðumati sem nefnist LÆS. Kennt er eftir hljóðaaðferðinni, eftirfylgni er góð og einstakir þjálfunartímar þar sem öll börnin fá réttar áskoranir. Stundatöflu hefur verið breytt, dagurinn einfaldaður, hreyfing aukin og settir inn frjálsir tímar sem vekja gríðarlega lukku.

Verkefnið er þróunar- og rannsóknarverkefni með heildstæða nálgun í skólastarfið. Áherslur verkefnisins snúa að læsi, stærðfræði, náttúrufræði, hreyfingu og hugarfari nemenda. Höfuðáherslan er á að allir nemendur nái að brjóta lestrarkóðann, þ.e. geti tengt saman hljóð og lesið orð og þar með leggja grunninn að fjölbreyttu og öflugnu námi í lestri, lesskilningi og skapandi skrifum. Mældur hefur verið árangur frá upphafi og sýna niðurstöður að væntanlega ná 94 af 96 nemendum að brjóta lestrakóðann eða 98% nemenda í þessum tveimur fyrstu árgöngum verkefnisins (1. og 2. bekkur). Árangur lofar góðu í Vestmannaeyjum.

Staða margra nemenda í lestri og lesskilningi í Reykjavík er ekki nógu góð. Þetta hafa PISA kannanir sýnt okkur undanfarin ár en 16% barna ná ekki stigi tvö í PISA í lesskilningi, sem sagt lesa sér ekki til gagns. Úr þessu má ekki gera lítið eða hunsa.

Ef horft er til barna sem eru af erlendu bergi brotin þá er staðan sú að 92,5% barna og unglinga eru á rauðu og gulu ljósi hvað varðar íslenskukunnáttu þeirra. Þessum börnum þarf að hjálpa strax að læra málið, í þeim er gríðarlegur mannauður. Einnig þarf að huga sérstaklega að þeim börnum sem ekki geta nýtt sér hefðbundnar kennsluaðferðir. Þau börn þurfa oft að fá aðstoð hjá sérkennara og þau þurfa lengri tíma og meira næði en gengur og gerist í almennum bekk. Gera má ráð fyrir að það séu um það bil 2-4% barna sem glíma við lesvanda af lífeðlisfræðilegum orsökum sem t.d. tengjast sjónskyni. Sum rugla bókstöfum saman og þurfa sem dæmi að fá stærra letur og til eru vísindi sem gefa okkur leiðir. Borgarfulltrúi væntir góðrar umræðu um þetta mál.